

## Ríkisfaðmurinn 18. des. 2014

Ríkisafskiptin af einstaklingnum eru staðreynd. Það ber skylda til að tilkynna ríkinu fæðingu barns, börnin eru flest skírð af prestum ríkiskirkjunnar, og ríkið skyldar þau til að sækja skóla sína. Þegar þau stálpast og fara að vinna fyrir sér, þurfa þau leyfi ríkisins til þess að stunda ýmsa vinnu, og ríkið setur lög um vinnutímann, vinnuskilyrðin, frídaganna og orlofið. Einnig lætur ríkið sig skipa lokunartíma verzlana, mál og vog, sem notuð eru, og hinar ýmsu tryggingar á lífi og eignum manna. Við þurfum leyfi ríkisins til þess að stofna og reka fyrirtæki og verðum að auglýsa það í ríkisblaðinu. Ríkið skráir vörumerkin okkar og stimplar og skráir alls konar eignbreytingar milli borgaranna. Ríkið fyrirskipar okkur og að skrásetja bílana okkar, útværpsviðtækin okkar og að ég nú ekki minnst á stálþræðina og upptökutækin. Svo tekur ríkið reglulega til sín vissan hluta af tekjum okkar og stundum meira að segja hluta af eignunum. Svo lýkur þessu margbreytilega samlífi ríkisins og borgarans með því, að ríkisviðurkenndir læknar skrifa út dánarvottorð manna, sem síðan eru grafnir í ríkisgrafreiti, sem þeir og fyrirtæki þeirra hafa verið að greiða kirkjugarðsgjald af mestan hluta ævinnar, mennirnir til þess að fá þar legstað, en fyrirtækin til þess að sálast kannski fyrir atbeina sama ríkis og verða þá dysjuð viðhafnarlítið utangarðs.

Þessi afskipti ríkisins hafa farið vaxandi með aukinni velmegun þjóðanna, bæði sökum þess að þar með hafa þarfir manna vaxið og þeir fjármunir, sem ríkið hefur lagt undir sig, sömuleiðis orðið ríflegri.“ (Birgir Kjaran. Til varnar frelsinu, bls. 78.)